

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

64. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 28. janúar 2014, kl. 21:00

Fundinn sátu: Veiga Dís Hansdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Jón Foss Guðmundsson, Elín Lára Baldursdóttir, Bekka Rut Þorbjörnsdóttir og Yngvi Freyr Óskarsson

Afboðuðu: Ína Kathinka Steindórsdóttir, Thelma Líf Sigurðardóttir, Sverrir Valgarður Þrastason, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Helga María Helgadóttir, Eyþór Agnarsson, Christine Mae Valesco, Kristbjörg Víðisdóttir og Kristjana Rós Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Þórdís Dröfn Andrésdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 11. febrúar 2014

2. Súpuhittingur 21. janúar 2014

Við í Ungmennaráði Hafnarfjarðar viljum þakka fyrir góðan fund með bæjarfulltrúum Hafnarfjarðar. En „súpukvöld með bæjarfulltrúum“ var liður í lýðræðisverkefni, Youth: your voice – styrkt af Evrópu unga fólksins. Í því verkefni erum við að m.a. að leitast eftir því að auka þátttöku ungs fólks ásamt því að safna hugmyndum og aðferðum um hvernig sé hægt að hvetja ungt fólk til þátttöku

3. „Training course“ - fyrir nýliða

Jón Foss Guðmundsson fór yfir það helsta varðandi skipulag „training course“. Markmið er að kynna starfsemi og helstu áherslur UMH fyrir nýliða. Lög UMH kynnt, ungmennanæving, kynning á tillögum í bæjarstjórn, hlutverk áheyrnarfulltrúa, hlutverk starfsmanna, fundarstjórn o.fl.

4. Strætóbiðskýli

Óskað var eftir tillögum frá UMH hvar í Hafnarfirði væri ákjósanlegt að setja niður biðskýli. UMH leggur til að við alla skóla Hafnarfjarðar og sundlaugar séu strætóbiðskýli. Eins og staðan er í dag þá er á vissum stöðum bara strætóbiðskýli öðru megin við götuna.

5. Önnur mál

- umræða um strætó

- morgunmatur/hafragrautur, bara í vissum grunnskólum Hafnarfjarðar. Væri ekki hægt að samræma þannig að öll börn og ungmenni hafi möguleika á að fá sér hafragraut á morgnanna.

- umræða um kynfræðslu í grunnskólum

Næsti fundur áætlaður 11. febrúar 2014. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:57